

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 3. apríl kl. 10:00, var haldinn 33. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstödd voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson, Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sat fundinn, eftir atvikum undir liðum 4-17.

Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sat fundinn undir liðum 1-3.

Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(E Samgöngumál)

1. **Skúlagata**, söfnunarstæði fyrir hópbíla Mál nr. US190108

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngu- og borgarskipulags dags. 1. apríl 2019 þar sem óskað er heimildar að gera söfnunarstæði fyrir hópbíla vestan á Skúlagötu Klapparstígs Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. **Göngugötur allt árið**, tillaga að áfangaskiptingu undirbúnings Mál nr. US190107

Lögð fram og kynnt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 1. apríl 2019 að áfangaskiptingu undirbúnings varanlegra göngugatna, sbr. tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 4. september 2018 .

Umhverfis- og skipulagssviði er falið að vinna áfram að forhönnun og undirbúningi deiliskipulagsbreytingu á grundvelli áfangaskiptingar, í samráði við hagsmunaaðila.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Miðflokkurinn harmar að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila við ákvörðunartöku um að varanlegar göngugötur. Yfirlýsing borgarstjóra á fundi borgarstjórnar 4.sept. síðastliðin um að Laugavegur skyldi verða göngugata frá Hlemmi vekur sérstaka eftirtekt, enda myndi slíkt þýða að aðkoma að 200 stæða bílastæðahúsi Bílastæðasjóðs borgarinnar myndi lokast. Gerræðislegar yfirlýsingar sem þessi eru ekki merki um að samráð og sátt sé ofarlega á baugi hjá borgarstjóra enda hefur nú verið ákveðið að svara í engu fjölda athugasemda og undirskriftalistum er málið varða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins gerir alvarlega athugasemd að hafist verði handa við vinnu og forhönnun á Laugavegi og Skólavörðustíg sem er á dagskrá Skipulags- og samgönguráðs 3. apríl 2019, liður 2 og 3:Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í borgarstjórn 2. apríl s.l. vegna tillögu Flokk fólksins þar sem farið var fram á nánara samráð um framkvæmdir við hagsmunaaðila, eldri borgar, fatlaða og almenna borgarbúa víðs vegar í borginn m.a. með vel útfærðir skoðanakönnun. Í ljós hefur komið að ekki er möguleiki að hefja undirbúning eða framkvæmdir fyrr en grenndarkynning hefur átt sér stað. Jafnframt þarf að kanna vilja allra Reykvíkinga áður en hafist er handa við svo stórtækar aðgerðir á einu vinsælasta svæði borgarinnar. Það

skal jafnframt bent á að ekki stendur til að hreyfihamlaðir né aldraðir hafi aðgang að götunum þegar veður eru válynd. Þá verða göturnar lokaðar þeim stærsta hluta ársins. Ljóst er að meirihluti borgarstjórnar ætlar að troða sínum hugmyndum og áætlun á lokun þessara gatna yfir alla borgarbúa og taka lítið sem ekkert mark á óskum hópa sem hafa áhyggjur af þessum framkvæmdum, þá sérstaklega hagsmunaaðila við þessar götur. Þessir aðilar eru þeir sem halda lífinu lifandi í götunum, en það virðist meirihlutanum engan vegin ljóst.

3. Göngugötur 2019, tilhögun

Mál nr. US190106

Lögð fram tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um um fyrirkomulag tímabundinna göngugatna 2019 dags. 1. apríl 2019. Samþykkt.

Umhverfis- og skipulagssviði, falið að undirbúa tímabundnar göngugötur í samræmi við tillöguna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins gerir alvarlega athugasemd að hafist verði handa við vinnu og forhönnun á Laugavegi og Skólavörðustíg sem er á dagskrá Skipulags- og samgönguráðs 3. apríl 2019, liður 2 og 3: Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í borgarstjórn 2. apríl s.l. vegna tillögu Flokk fólksins þar sem farið var fram á nánara samráð um framkvæmdir við hagsmunaaðila, eldri borgar, fatlaða og almenna borgarbúa víðs vegar í borginn m.a. með vel útfærðir skoðanakönnun. Í ljós hefur komið að ekki er möguleiki að hefja undirbúning eða framkvæmdir fyrr en grenndarkynning hefur átt sér stað. Jafnframt þarf að kanna vilja allra Reykvíkinga áður en hafist er handa við svo stórtækar aðgerðir á einu vinsælasta svæði borgarinnar. Það skal jafnframt bent á að ekki stendur til að hreyfihamlaðir né aldraðir hafi aðgang að götunum þegar veður eru válynd. Þá verða göturnar lokaðar þeim stærsta hluta ársins. Ljóst er að meirihluti borgarstjórnar ætlar að troða sínum hugmyndum og áætlun á lokun þessara gatna yfir alla borgarbúa og taka lítið sem ekkert mark á óskum hópa sem hafa áhyggjur af þessum framkvæmdum, þá sérstaklega hagsmunaaðila við þessar götur. Þessir aðilar eru þeir sem halda lífinu lifandi í götunum, en það virðist meirihlutanum engan vegin ljóst.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka:

Reynslan af göngugötum í miðborg Reykjavíkur er góð og ánægja Reykvíkinga mikil líkt og kannanir staðfesta. Göngugötur skapa rými fyrir fólk og bæta mannlíf. Meðan göngugötur verða opnar á komandi sumri verður áfram unnið að skipulags- og hönnunarvinnu í tengslum við fyrirætlanir borgarstjórnar um göngugötur allt árið. Í þeirri vinnu verður áfram lögð rík áhersla á samráð við íbúa, atvinnulíf og aðra hagsmunahópa.

(A) Skipulagsmál

4. Landsskipulagsstefna, lýsing - kynning

Mál nr. SN190196

590269-5149 Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 15. og 20. mars 2019 þar sem kynnt er lýsing dags. 1. mars 2019 fyrir gerð Landsskipulagsstefnu. Kynningartími er til 8. apríl 2019.

Kynnt.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka:

Skipulags- og loftslagsmál eru bundin órjúfanlegum böndum enda skiptir skipulag höfuðmáli í baráttunni gegn neikvæðum loftslagsáhrifum. Tækifæri til breytinga á ferðavenjum, til að draga úr losun, eru almennt mun meiri í þéttbýli en í dreifbýli og líklega meiri í stærra þéttbýli en minna þéttbýli. Í stærra borgarsvæðum eru jafnan meiri möguleikar á að byggja upp afkastamiklar hágæða almenningssamgöngur en á minni þéttbýlissvæðum. Í ljósi vægis höfuðborgarsvæðisins, horft til byggðar á landinu öllu,

sem birtist meðal annars í því að um helmingur bílumferðar (ekin vegalengd) á Íslandi er innan höfuðborgarsvæðisins, er mikilvægt að horfa sérstaklega á þetta eina borgarsvæði landsins þegar rætt er um markmið í loftslagsmálum. Fulltrúar meirihlutans í skipulags- og samgönguráði vilja því koma á framfæri nauðsyn þess að Landsskipulagsstefna ávarpi mikilvægi þéttingu byggðar og þá sérstaklega í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar Ester Anna Ármannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Sjómannaskólareitur**, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN170694

Kynnt drög að tillögu að breytingu deiliskipulags Sjómannaskólareits 1.254.2, dags. 18. mars 2019. Í tillögunni felst uppbygging á lóð Sjómannaskólans fyrir byggingu allt að 145 (150) nýrra íbúða á svæðinu fyrir eldri borgara, námsmenn, félagsbústaði og hagkvæmt húsnæði (almennar íbúðir). Auk þess verður bætt við byggingarheimildum fyrir biskupsstofu á lóð Háteigskirkju. Reiturinn afmarkast af Háteigsvegi til suðurs, Vatnsholti til austurs, Skipholti til norðurs, Nóatúni og lóð Háteigskirkju til suðurs og vesturs.
Kynnt.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúar A2f arkitektar Aðalheiður Atladóttir og Falk Kruger taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

6. **Hraunbær 153**, (fsp) uppbygging (04.33) Mál nr. SN190209
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Bjargs íbúðafélags hses dags. 26. mars 2019 ásamt bréfi dags. 25. mars 2019 varðandi uppbyggingu lóðarinnar nr. 153 við Hraunbæ (reitur C í gildandi deiliskipulagi fyrir Hraunbæ-Bæjarháls), samkvæmt teikningasetti Arkþings ehf. dags. 18. mars 2019. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Arkþings ehf. dags. 11. mars 2019 þar sem fram kemur byggingarlýsing og grunnmynd lóðar dags. 11. mars 2019.
Kynnt.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri og fulltrúar Arkþings Hjalti Brynjarsson og Birkir Arnason og fulltrúi Bjargs Þróstur Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 22. og 29. mars 2019.

8. **Bauganes 1A**, breyting á deiliskipulagi (01.672.0) Mál nr. SN180815
201177-5109 Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Einars Sævarssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 1A við Bauganes. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á lóðinni, þar sem gert er ráð fyrir að byggja við samþykktan bílskúr á norðurenda lóðarinnar og tengja hann við húsið ásamt því að byggja við eldhús, samkvæmt uppdr. Hildar Bjarnadóttur arkitekts dags. 2. nóvember 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur umsækjanda dags. 15. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt

frá 24. janúar 2019 til og með 21. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björk Einarasdóttir dags. 13. febrúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2019.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2019.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Sundahöfn, norðan Vatnagarða,** (01.332) Mál nr. SN180743
breyting á deiliskipulagi
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. febrúar 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna m.a. eftirfarandi: skilmála vantar fyrir gerð á nýjum hafnarbakka, nýtingarhlutfall á lóð nr. 9 við Sægarða skv skilmálatöflu er óeðlilega hátt miðað við byggingarheimildir í sérskilmálum greinargerðar, gera þarf grein fyrir hvað er átt við með heimahöfn 100 starfsmanna sem fram kemur í greinargerð o.fl. sbr. bréfi stofnunarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018 síðast uppf. 14. mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2019 og uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018, síðast uppf. 14. mars 2019 samþykkt.
Vísan til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Hólmsheiði, Fisfélag Reykjavíkur,** (05.18) Mál nr. SN190165
breyting á deiliskipulagi
560389-1089 Fisfélag Reykjavíkur, Pósthólf 8702, 128 Reykjavík
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 11. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiðar, athafnasvæðis Fisfélags Reykjavíkur. Í breytingunni felst stækkun á lóð undir vélageymslur og hækkun á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. dags. 28. mars 2019.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Hverfisgata 123,** breyting á skilmálum (01.222.1) Mál nr. SN190194
deiliskipulags

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. mars 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags Skúlagarðsreits vestari, Hlemmur, vegna lóðarinnar nr. 123 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst breyting á nýtingarhlutfalli.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Nýlendugata 34**, breyting á skilmálum (01.130.2) Mál nr. SN190216
deiliskipulags

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. mars 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu. Í tillögunni felst breyting á nýtingarhlutfalli. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs. Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

13. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 1013 frá 19. mars 2019 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1014 frá 26. mars 2019.

14. **Njörvasund 10**, Hækka bílskúr (01.411.501) Mál nr. BN055453
110661-2159 Margrét Herdís Einarsdóttir, Njörvasund 10, 104 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að hækka og byggja mænispak á bílskúr og til að byggja verönd með skjólveggjum og heitum potti með öryggisloki sem verður sérafnotaflötur íbúðar 0101 á lóð nr. 10 við Njörvasund. Erindi var grenndarkynnt frá 24. janúar 2019 til og með 21. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jens Fylkisson og Haukur Jensson dags. 5. febrúar 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. mars 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2019.

Stækkun 22,5 rúmm., flatarmál óbreytt. Samþykki meðeiganda dags. 12.05.2015 liggur fyrir. Gjald kr. 11.000

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2019 samþykkt.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13:15 vikur Kristín Soffía Jónsdóttir af fundi

(C) Fyrirspurnir

15. **Holtavegur 28**, (fsp) breyting á (01.386.1) Mál nr. SN190004
deiliskipulagi
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Urðarsel ehf. dags. 29. desember 2018 ásamt greinargerð Urðarsels ehf. og KFUM og KFUK á Íslandi dags. 7. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Laugardals austur vegna lóðarinnar nr. 28 við Holtaveg sem felst í stækkun núverandi leikskóla, uppbyggingu lágreistrar íbúðarbyggðar,

stofnun lóðar og uppbyggingu búsetukjarna eða öldrunarrými á einni hæð og stækkun á byggingarreit húss KFUM fyrir ungmennagistingu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1.apríl 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2019 samþykkt.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Holtsgata 10 og 12 og Brekkustígur 16**, (01.134.3) Mál nr. SN180810
(fsp) deiliskipulag
601004-2240 PKS ráðgjöf ehf, Holtsgötu 12, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls Kristjáns Svanssonar dags. 23. nóvember 2018 um gerð nýs deiliskipulags á reit sem afmarkast af Holtsgötu, Brekkustíg, Framnesvegi og Öldugötu. Markmið fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar er að byggja á lóðunum nr. 10 og 12 við Holtsgötu og 16 við Brekkustíg vegleg borgarhús, samkvæmt tillögu Birkis Ingibjartssonar arkitekts ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019 samþykkt.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

17. **Þingholtsstræti 25**, málskot (01.183.3) Mál nr. SN190111
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot P ARK teiknistofu sf dags. 18. febrúar 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti sem felst í viðbygging við suðurgafli núverandi húss verði stækkuð, vestursvalir verði stækkaðar, íbúðum fjölgað, fyrirhugaður göngustígur að almenningsgarði frá Spítalastíg verði felldur niður o.fl. samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 28. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf P ARK teiknistofu sf. dags. 6. mars 2018. Frestað.

18. **Hlíðarendi**, kæra 140/2018, umsögn (01.62) Mál nr. SN180841
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. desember 2018 ásamt kæru dags. 6. desember 2018 þar sem kærð er ákvörðun borgarráðs frá 25. október 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 18. febrúar 2019.

19. **Ægisíða 44**, kæra 11/2019, umsögn, (01.555) Mál nr. SN190112
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. febrúar 2019 ásamt kæru dags. 19. febrúar 2019 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 8. janúar 2019 um að veita byggingarleyfi á lóð nr. 44 við Ægisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. febrúar 2019. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. mars 2019. úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. janúar 2019 um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa viðbyggingu norðan við einbýlishúsi að Ægisíðu 44 og breyta innra skipulagi þess.

20. **Fylkisvegur 6, íþróttasvæði Fylkis,** (04.363) Mál nr. SN180018
kæra 148/2017, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 22. desember 2017 ásamt kæru dags. 12. desember 2017 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi fyrir Fylkisveg 6, íþróttasvæði Fylkis. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. febrúar 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. mars 2019. Úrskurðarorð: Kröfum Kærenda að Deildarási 4 og 6 er vísað frá úrskurðarnefndinni. Hafnað er kröfu annarra kærenda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 26. október 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fylkis að Fylkisvegi 6.

21. **Fylkisvegur 6, íþróttasvæði Fylkis,** (04.363) Mál nr. SN180025
kæra 157/2017, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. desember 2017 ásamt kæru dags. 21. desember 2017 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi fyrir fylkisveg 6, íþróttasvæði Fylkis. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 28. febrúar 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. mars 2019. Úrskurðarorð: Kröfum Kærenda að Deildarási 4 og 6 er vísað frá úrskurðarnefndinni. Hafnað er kröfu annarra kærenda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 26. október 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fylkis að Fylkisvegi 6.

22. **Kjalarnes, Esjumelar,** breyting á (34.2) Mál nr. SN190104
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi.

23. **Úlfarsárdalur - breyting vegna reits A,** (02.6) Mál nr. SN190118
breyting á deiliskipulagi vegna
Skyggisbrautar 25-27 og 29-31,
Gæfutjarnar 20-24 og 26-28 og
Silfratjarnar 2-4
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Skyggisbrautar 25-27 og 29-31, Gæfutjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar 2-4.

24. **Suður Selás og Norðlingaholt,** breyting (Mál nr. SN190084
á deiliskipulagi
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Suður Seláss og Norðlingaholts

25. **Hlemmur, reitur 1.240.0,** lýsing (01.2) Mál nr. SN190145

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna skipulagslýsingu nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmyndasamkeppni um svæðið.

26. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar,** (01.63) Mál nr. SN180864
breyting á deiliskipulagi vegna lóðanna
nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu.

27. **Vogabyggð svæði 5,** nýtt deiliskipulag (01.45) Mál nr. SN180390
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð svæði 5.

28. **Veltusund 3B,** breyting á deiliskipulagi (01.140.2) Mál nr. SN190068
610313-0190 Lögmenn Sundagörðum ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. á synjun varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund.

29. **Hverfisgata 41,** breyting á deiliskipulagi (01.152.4) Mál nr. SN170824
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu.

30. **Kjalarnes, Hólaland,** deiliskipulag (32.45) Mál nr. SN180266
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi nýtt deiliskipulag í Hólalandi á Kjalarnesi.

31. **Úlfarsfell,** nýtt deiliskipulag (02.6) Mál nr. SN170752
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 14. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi nýtt deiliskipulag fyrir svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli.

32. **Holtavegur 23, Langholtsskóli,** breyting (01.430.1) Mál nr. SN190155
á deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. mars 2019 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg..

33. **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,**
lagfæring á gatnamótum Strandvegar og
Borgarvegar fyrir gangandi og hjólandi. .

Mál nr. US190112

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um lagfæringu á gatnamótum Strandvegs og Borgarvegs fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Lagt er til að gatnamót Strandvegs og Borgarvegs verði löguð og gerð aðgengilegri fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Það er flókið að fara þarna yfir fyrir þá sem eru gangandi og hjólandi þar sem ekki er sebrabraut eða undirgöng sem hægt er að nýta sér. Engar merkingar eru á þessum stöðum sem gefa ökumönnum til kynna að þarna má þvera göturnar af gangandi eða hjólandi vegfarendum. Óskað er eftir því að Skipulags- og samgöngusvið útfærir viðunandi lausn á þessum stað og komi lagfæringu sem fyrst til framkvæmdar til þess að forðast að slys verði á þeim sem þarna fara um.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

35. **Fyrirspurn fulltrúa**
Sjálfstæðisflokksins, varðandi
helgunarreitar Stakkstæðis

Mál nr. US190114

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þars sem óskað er eftir því að fá gögn frá Borgarsögusafni þar sem heimilt er að staðsetja mannvirki innan 15 metra helgunarreitar Stakkstæðis. Stakkstæðið hefur verið afmarkað af Borgarsögusafni og 15 metra helgunarreitur umhverfis það eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 gera ráð fyrir.

Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

13:35 víkur Hjálmar Sveinsson af fundi

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:55.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Hildur Björnsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir.

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 19. mars kl. 10:14 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1013. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Jón Hafberg Björnsson og Edda Þórsdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055685
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að uppskiptingu, rýmismúmerum og útliti verslunar- og þjónusturýma er breytt á jarðhæð húsa T1, T2 og T3 og G1 og G2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað.
Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
2. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055598
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti og innréttu verslun í rými 0102 í millibyggingu milli T1 og T2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055914
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048688 vegna lokaúttektar þar sem breytt er bruna merkingum á 3. hæð í byggingu L 1 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

4. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055607
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að fyrirkomulagi skrifstofa og snyrtinga á 3., 4., 5., og 6. hæð í L1 er breytt, flóttastigahús færast milli matshluta og í T4 er komið fyrir lyftu og hringstiga milli kjallara, 1. og 2. hæðar á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. desember 2018 ásamt yfirliti yfir breytingar dags. 17. janúar 2019.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
5. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN055907
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til innanhússframkvæmda fyrir væntanlega verslun og úrsmíðaverkstæði ásamt starfsmannarýmum á 1. hæð í húsi T3, Tryggvagötu 25 á lóð NR. 2 við Austurbakka.
Stærð: xx ferm., xx rúmm.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Vísad til athugasemda.
6. **Ármúli 19** (01.264.104) 103531 Mál nr.
BN055910
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga innanhúss auk útlitsbreytinga á suð-austurhlíð húss á lóð nr. 19 við Ármúla. Jafnframt er erindi BN055873 dregið til baka.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Vísad til athugasemda.
7. **Árskógar 2-8** (04.911.301) 112543 Mál nr.
BN055924
070670-3649 Hrefna Hrólfsdóttir, Arnartangi 34, 270 Mosfellsbær
310350-4279 Guðrún Ína Ívarsdóttir, Einimelur 22, 107 Reykjavík
260859-2939 Anna Guðrún Ívarsdóttir, Hrólfskálamelur 10, 170 Seltjarnarnes
Sótt er um leyfi til að skipta íbúð 1303 upp í tvær íbúðir, íbúðir 1303 og 1304, eins og þær voru skráðar 11. desember 1991, í húsi A á lóð nr. 6 við Árskóga.
Erindi fylgir samþykki húsfélags á uppdrætti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.

8. **Barónsstígur 5** (01.154.412) 101139 Mál nr.
BN055904
550506-1570 Baróns gisting ehf., Logafold 81, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052887 þannig að fjarlægður er vaskur úr einu herberginu á 2. hæð vegna lokaúttektar í húsinu á lóð nr. 5 við Barónsstíg.
Bréf með umsókn frá hönnuði ódags.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. **Bíldshöfði 9** (04.062.001) 110629 Mál nr.
BN055855
650106-2960 Heild ehf, Krókamýri 74, 210 Garðabær
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um breytingar á erindi BN055470 þar sem hjólageymslu er breytt að hluta til í geymslu fyrir gaskúta, innra skipulagi Mathallar breytt og loftræstistokkar á austurhlið eru færðir á vesturhlið húss á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir skýringaruppdrættir, smækkaðar teikningar nr. 1.01-03 og 1.01-04 mótt. 26. febrúar 2019 og bréf hönnuðar dags. 07. mars 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
10. **Borgartún 20** (01.221.002) 102797 Mál nr.
BN055860
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN041935 þannig að innra fyrirkomulagi á 1., 2. og 4. hæð er breytt, sett er upp aðgangsstýring við bílastæði og fyrirkomulagi bílastæða breytt á lóð nr. 20 við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN055880
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047928 þannig að brunatexti er uppfærður og stjórnbúnaði vatnsúðakerfis er komið fyrir á jarðhæð á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
12. **B-Tröð 5** (04.765.305) 112475 Mál nr.
BN055900
201164-3629 Lára Jóhannsdóttir, Hörðukór 3, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta eign 0106 þannig að settar verða upp átta stúur í húsinu ásamt heygeymslu, einnig verður byggð kaffistofa á millipalli í hesthúsi á lóð nr. 5 við B-Tröð.
Stækkun: 37,0 ferm.
Heildarstærð húss eftir stækkun: xx,x ferm, xx,xx rúmm.
Erindinu fylgir samþykki eigenda, ódagsett.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

13. **Dalbraut 12** (01.344.501) 104042 Mál nr.
BN055801
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í F og E álmu í barna- og unglingsdeild á lóð nr. 12 við Dalbraut.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
14. **Döllugata 4** (05.113.706) 214845 Mál nr.
BN055846
160678-5859 Guðrún Davíðsdóttir, Álfheimar 29, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr úr CLT krosslímdu timbureiningum á staðsteiptum grunni á lóð nr. 4 við Döllugötu.
Stærðir:
A-rými: 344.4 ferm., 1.431.0 rúmm.
B-rými: 3.9 ferm.
Nýtingarhlutfall: 0.50
Erindi fylgir lóðablað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað Reynisvatnsás, Döllugata 2-10 og Gissurargata 1-7 dags. 11. mars 2008.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
15. **Efstaleiti 11** (01.745.301) 224637 Mál nr.
BN055827
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053226 þannig að 16 tveggja herbergja íbúðum er breytt í þriggja herbergja íbúðir í mhl. 01 og mhl. 04, þannig að íbúðum fækkar úr 78 í 70 í þessum matshlutum á lóð nr. 11 við Efstaleiti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. **Efstasund 77** (01.410.117) 105000 Mál nr.
BN055715
250692-2269 Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og breyta þakgerð á húsi nr. 77 við Efstasund.
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.
Erindi fylgir afrit af umsögn Skipulagsfulltrúa dagsett 1. júní 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. **Egilsgata 32** (01.195.104) 102584 Mál nr.
BN055255

061258-4779 Kristján Björnsson, Egilsgata 32, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, anddyri og svalir á 1. hæð húss á lóð nr. 32 við Egilsgötu.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Þorfinnsgötu 2,4 og 6 og Leifsgötu 25 og 27 og Egilsgötu 30 frá 19. nóvember 2018 til og með 17. desember 2018.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Skúli Þorkelsson, Lilja G. Sigurðardóttir og Alba Solís f.h. húseigenda Þorfinnsgötu 2. dags. 16. desember 2018.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. janúar 2019.

Bílskúr: 32 ferm., 93,3 rúmm.

Stækkun: 2,4 ferm., 6,84 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Lagfæra skráningu.

18. **Einarsnes 30-32** (01.671.202) 106771 Mál nr.
BN055876

311079-5819 Helga Árnadóttir, Einarsnes 32, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til stækkunar íbúðar út á þaksvalir efri hæðar í parhúsi nr 32, matshluta 02, á lóð 30-32 við Einarsnes.

Stækkun: 23,7ferm., 77.0 rúmm.

Stærð: A-rými: 226.7 ferm., 709.4 rúmm

Nýtingarhlutfall: 0.57.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 8. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. **Engjavegur 6** (01.377.301) 220031 Mál nr.
BN055913

600886-1189 Íslensk getsþá sf., Engjavegi 6, 104 Reykjavík

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar og bætt við þremur gluggum á suðurhlíð og tveimur á vesturhlíð hús á lóð nr. 6 við Engjaveg.

Bréf frá hönnuði dags. 12. mars 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. **Fiskislóð 34-38** (01.087.305) 215981 Mál nr.
BN055704

620983-0209 Fiskkaup hf., Fiskislóð 34, 101 Reykjavík

561116-0670 101 Fisk ehf., Fiskislóð 34, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum vegna lokaúttektar á byggingarleyfi BN037809 þannig að fyrirkomulagi innveggja í fiskvinnslusal er breytt og bætt er við gönguhurð á suðurhlíð í fiskvinnsluhúsi á lóð nr. 34-38 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

21. **Fiskislóð 53-69** (01.087.401) 100008 Mál nr.
BN053623

621287-1689 RA 10 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að stækka yogastöð með því að innrétta rými í norðvesturenda 1. hæðar, stækka þannig búningsklefa og taka í notkun nýjan yogasal í húsinu nr. 53 á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
